



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS
Alþingi

Erindi nr. Þ 130/1425
komudagur 18.3.2004

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 17.3. 2004.

Efni:

Umsögn um frumvarp til laga um framkvæmd meðlagsgreiðslna o.fl., 311 mál.

Með vísan til greinargerðar með frumvarpinu hvetur Alþýðusamband Íslands til þess að það verði samþykkt. Í því felst tilraun til þess að tryggja markmið 2.mgr. 10.gr. barnalaga, leiðrétting í þá veru að ekki komi til tvísköttunar sömu tekna og síðast en ekki síst veruleg réttarbót fyrir börn einstæðra foreldra.

F.h. Alþýðusambands Íslands,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ



DÓMSTÓLARÁÐ

Alþingi
Erindi nr. P 130/1590
komudagur 30.3.2004

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b.t. Stefáns Árna Auðólfssonar nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29 mars 2004

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um framkvæmd meðlagsgreiðslna umfram lögboðið lágmarksmeðlag og skattalega meðferð þeirra.

Með bréfi, dagsettu 11. mars sl., var Dómstólaráði sent til umsagnar framangreint frumvarp.

Dómstólaráð fjallaði um frumvarpið á fundi sínum í dag.

Dómstólaráð fer með hluta af stjórnslu héraðsdómstólanna. Það er mat ráðsins að það eigi að jafnaði ekki að hafa áhrif á lagasetningu, þegar frá er talin réttarfarslöggjöf og löggjöf sem varðar skipulag og starfshætti dómstóla með einhverjum hætti.

Með vísan til framangreinds telur ráðið ekki ástæðu til þess að álykta um frumvarpið.

F.h. Dómstólaráðs

Elín Sigrún Jónsdóttir
framkvæmdastjóri

Alþingi
Efnahags og viðskiptanefnd

Umsögn

Umsagnaraðili: Félag ábyrgra feðra
Dagsetning umsagnar: 1. apríl 2004

Frumvarp til laga, þskj. 356 – 311. mál; um framkvæmd meðlagsgreiðslna umfram lögboðið lágmarksmeðlag og skattalega meðferð þeirra 130. lögjafarþing 2003-2004.

Félag ábyrgra feðra mótmælir frumvarpinu á þeirri forsendu að lagagreinar þess festi í sessi kynjamisrétti í landinu, að það byggi á röngum forsendum og loks að það sé karlfjandsamlegt.

- I. kafli: skattleysi meðlags er eðlilegt að mati Félags ábyrgra feðra. Meðlag umfram lágmarksmeðlag á einnig að njóta skattleysis. Frumvarpið gerir hins vegar aðeins ráð fyrir að skattleysið nái til móttakandans, en Félag ábyrgra feðra telur eðlilegt að greiðandinn njóti skattleysis vegna meðlags á þeirri forsendu að skv. Barnalögum 2003 fullnægir meðlagsgreiðandi **framfærsluskyldu** sinni.
- II. kafli: frumvarpið gerir ráð fyrir að allt meðlag megi innheimta í gegnum Tryggingastofnun. Núverandi fyrirkomulag gerir ekki ráð fyrir að samningar milli manna séu virtir og þetta frumvarp breytir engu þar um. Félagið leggst gegn kaflanum með þeim rökum að það styðji núverandi misrétti og vinni gegn feðrum en fyrir mæður.
- II. kafli: frumvarpið gerir ráð fyrir að allt meðlag megi innheimta í gegnum Innheimstustofnun sveitarfélaga. Kaflanum er mótmælt á sömu forsendum og II. kafla frumvarpsins.

Félag ábyrgra feðra telur að núverandi fyrirkomulag meðlags sé í eðli sínu rangt og frumvarpið festi í sessi rangindi núverandi fyrirkomulags. Félagið telur að rangindin felist í því að núverandi fyrirkomulag meðlagsgreiðslna ýti undir kynjamisrétti með því að gera forsjárlausa foreldrið, sem er í flestum tilvikum karlmaður, að fyrirvinnunni og jafnframt forsjáforeldrið, sem er í flestum tilvikum kona, að umönnunaraðila barnanna. Telur félagið því að frumvarpið sé tímaskekkja og miðist við stöðu mála fyrir þrjátíu og tveimur árum þegar fráskildir feður sem ekki höfðu verið í vígðri sambúð **höfðu ekki rétt til að umgangast börn sín**. Vill félagið óska þess að þingmenn skoði raunveruleika nútímans en ekki fortíðar þegar hugað er að lagabreytingum.

Almenn umsögn

1. Kynjamisrétti

Breyting sú sem hugsuð er á skattalögum nr. 90/2003 skv. nefndu frumvarpi gengur að mati Félags ábyrgra feðra allt of skammt og aðeins í þá átt að afnema skattskyldu af þeim fjármunum sem meðlagsþiggjandi fær í hendur þegar hann fær féð í hendur. Skattalög gera ekki ráð fyrir að þegar meðlagsgreiðandi reidir féð af hendi sé það til framfærslu – þ.e. andstætt við 55. gr. Barnalaga 2003, en í greinargerð með lögnum segir orðrétt: „Þegar svo háttar til að barn býr ekki hjá báðum foreldrum sínum sinnir það foreldri sem barnið býr hjá lögboðinni framfærslu skyldu sinni gagnvart því með því að veita barninu fæði, klæði, húsnæði o.s.frv. Það foreldri sem barn býr ekki hjá sinnir framfærsluskyldum sínum á annan hátt, eða með greiðslu meðlags.“ Þetta misræmi milli Barnalaga og skattalaga þarf að afnema og það verður ekki gert nema í báðum sé viðurkennt að meðlag sé framlag greiðandans til framfærslu barnsins. Telur félagið því að þingskjal 356 festi kynjamisrétti í sessi og sé því ekki aðeins andstætt Barnalögum heldur einnig jafnréttislögum.

2. Hvað er meðlag?

Löggjafinn verður að mati Félags ábyrgra feðra að ákveða sig um merkingu, tilgang og eðli meðlags. Skv. Barnalögum er það framlag til framfærslu. Skv. skattalögum er sá einn framfærandi sem barn hefur lögheimili hjá. Skv. síðari lögnum er meðlag ekki hugsuð til framfærslu.

Í greinargerð með þingskjali 356 segir orðrétt að „fastar meðlagsgreiðslur miðast við leikskólakostnað hjá einstæðum foreldrum og eru því lítil hluti heildarframfærslunnar“. Rétt áður er vitnað í könnun Félags einstæðra foreldra þar sem fram kemur að meðlag dugi fyrir einum áttunda hluta framfærslu 13-15 ára unglinga. Ljóst er þó að unglingar eru ekki í leikskóla. Málalíbúnaður flutningsmanna er því haldlítill. Á sama stað er því einnig haldið fram að „konur fara með forsjá barna sinna í yfir 90% skilnaða og eru einar um umönnun og framfærslu þeirra.“ Flutningsmenn rökstyðja þessar hugmyndir sínar engan veginn. Sú fullyrðing að mæður þær sem börnin hafa lögheimili hjá séu **einum umönnun og framfærslu** barnanna er tímasekkja og gerir hreinlega ekki ráð fyrir því að faðir barnsins sé til staðar hvað þá að hann ræki föðurhlutverk sitt. Sé vilji flutningsmanna til að efla föðurhlutverkið ætti að leggja annað til en auknar álögur á fráskilda feður.

Flutningsmenn gera ráð fyrir að meðlag sé ekki framfærslufé, en benda þó ekki á hvað það eiginlega er. Einungis af þessari orsök getur forsjáforeldrið, sem er í 75% tilvika móðirin, eða foreldrið sem **barnið hefur lögheimili hjá, sem er í 97% tilvika móðirin**, verið eitt um að framfleyta barninu eins og segir í greinargerðinni. Til hvers fer þá meðlagið? Rökin fyrir skattleysi meðlagsmóttöku eru hins vegar þau að meðlagið sé eign barnsins. Félag ábyrgra feðra hlýtur að kalla eftir málefnalegri og rökstuddri afstöðu til þess hvað meðlagið er, en ekki að meðlag sé rökstutt eftir sjónarhorninu hverju sinni.

3. Tillögur Fáf

Félag ábyrgra feðra leggur því til eftirfarandi:

1. að meðlag sé skilgreint sem framlag foreldris til framfærslu barns síns;
2. að meðlag sé skilgreint sem helmingur kostnaðar við framfærslu barns (nú væri því framfærslukostnaður barns ákveðinn kr. 32.100 á mánuði);
3. meðlag sé skattfrjálst fyrir móttakandann;
4. greiðandinn fái skattaafslátt fyrir meðlag sem hann greiðir (að það sé viðurkennt í skattalögum sem framfærsla);
5. meðlag sé skilgreint út frá orðsins hljóðan, sem framlag vegna þess kostnaðar sem uppeldi, umönnun og menntun barns krefst;
6. meðlag sé ákveðið með hliðsjón af þeirri umönnun sem lögð er af mörkum (þannig að jöfn umönnun þýði að meðlag sé ekki greitt eða móttakið; síðan sé meðlagsupphæð ákvörðuð í öfugu hlutfalli við umönnun þannig að sé annað foreldri með barnið hjá sér 30% tímans greiði það 60% meðlag; búi barnið hjá foreldrinu samkvæmt svokölluðum helgarpabbapakka (2 daga aðra hvora viku, nokkra daga um hátíðir og 4 vikur að sumri) greiði foreldrið 80% meðlag en 100% meðlag sinni viðkomandi börnum ekki eða barnið búi aldrei hjá foreldrinu);
7. að sé umgengni tálmuð megi fresta greiðslu meðlags til meðlagsmóttakanda þar til tálmun er aflétt – eins og Forsjárnefnd lagði til í áfangaskýrslu sinni til dómsmálaráðherra árið 1999;
8. að ef sýslumaður úrskurði að engin umgengni skuli vera milli forsjárlausa foreldrisins og barns þá skuli ekki heldur vera greitt meðlag; rökin fyrir þessari tillögu eru einkum þau að krafa forsjáforeldra um enga umgengni er oftast og jafnvel langoftast sprottin af öðrum hagsmunum en hagsmunum barnanna, oftast er krafan liður í óhróðursherferð forsjáforeldrisins á hendur hinu forsjárlausa; vísast hér í erlendar rannsóknir á föðursviptingu (Parental Alienation Syndrome – PAS) sem og fyrrnefnda áfangaskýrslu forsjárnefndar.

4. Breytingar á forsjá og umönnun

Félag ábyrgra feðra leggur einnig til að tækifærið sé notað til að breyta fyrirkomulagi forsjár og umönnunar. Í stað hleypidóma eins og koma fram í umræddri greinargerð flutningsmanna sé byggt á staðreyndum annars vegar og hins vegar stefnumörkun hins opinbera.

Staðreynd er að undanfarna áratugi hafa feður tekið æ meiri þátt í uppeldi og umönnun barna sinna; að konur vinna æ meira utan heimilis; að feður sækja í æ ríkara mæli eftir mikilli umönnun barna sinna eftir skilnað; að þeir hleypidómar sem koma fram í greinargerð flutningsmanna ríkja einnig í embættisfærslum sýslumanna við úrskurði um umgengni; hleypidómar um konur sem eðlilegri umönnunaraðila barna ríkja í dómum bæði héraðsdóma og Hæstaréttar í forsjármálum. Þessir hleypidómar festa kynjamisrétti í sessi, hvort heldur er í daglegri umönnun barna eða á launamarkaði.

5. Staðreyndir

Stefnumörkun hins opinbera á að taka mið af staðreyndum en ekki hleypidómum. Löggjafinn á að ýta undir fyrirkomulag sem viðurkennir að báðir foreldrar eru jafn mikilvægir í lífi barnsins hvort heldur er í sambúð foreldra eða eftir skilnað þeirra. Í stað þess að auðvelda meðlagsþiggjendum að fá aukið meðlag (sem í okkar samfélagi þýðir að fráskildum mæðrum er auðveldað að sækja fé í vasa barnsfeðra sinna) eiga yfirvöld að stuðla að jafnrétti á þessu sviði og gera sameiginlega forsjá að keppikefli og jafna umönnun beggja foreldra að markmiði.

Bent skal á að í Bandaríkjunum Norður-Ameríku er sameiginleg forsjá meginregla í 30 fylkjum og í þeim fylkjum er gert ráð fyrir jafnri umönnun (shared parenting) sem þó skal aldrei vera minni en 30% (þ.e. að barn dvelji aldrei minna en 30% tímans hjá foreldri sínu). Slíkt þýðir að lágmarksumönnun er um 110 dagar á ári en það er nánast það sama og tillögur Félags ábyrgra feðra um lágmarksumgengni gerðu ráð fyrir þegar þær voru lagðar fyrir allsherjarnefnd Alþingis haustið 2002 (118 dagar að jafnaði, 125 dagar annað árið en 111 dagar hitt). Vísast hér í þær tillögur, sem eru bæði á vef þingsins og félagsins (www.abyrgrifedur.is).

Meðlag er greitt með fjórðungi barna upp að 18 ára aldri. Heildarupphæð meðlags sem mótttekið er nemur tæplega 3.7 milljörðum króna á ári. Innheimtur hafa í nokkur ár verið nálega 70% eða upb. 2.6 milljarðar króna. Þetta dregst af launum tólf þúsunda launþega (af þeim eru um 450 konu) vegna 21.000 barna. Meðlagsviðtakendur eru liðlega 15.000 manns. Samkvæmt greinargerð með ofanefndu frumvarpi er lagabreytingatillögunum ætlað að stuðla að því að meðlagsgreiðslur aukist mjög verulega, allt að helmingi eða meira. Það þýddi næstum því tveggja milljarða álagningu á tólf þúsund manns. Félag ábyrgra feðra mótmælir slíkum álögum á 12.000 feður í landinu.

6. Lagaumhverfið

Stefnumörkun hins opinbera á að sjálfsgöðu að vera í samræmi við aðra þætti laga, þ.m.t. jafnréttislög, lög um foreldraorlof, skattalög, lög um sjálfsákvörðunarrétt einstaklinga yfir aflafé, lög um trú- og skoðanafrelsi, lög um jafnrétti án tillits til kynferðis, trúar, skoðana eða hörundslitar. Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins vorið 2003 var ályktað um að sameiginleg forsjá skyldi verða meginregla og unnið að því að börn nytu sem jafnastra samvista við báða foreldra sína bæði í sambúð þeirra og utan; núverandi menntamálaráðherra kvað það stuttu síðar aðeins tímaspursmál hvenær sameiginleg forsjá yrði að meginreglu; lög um foreldraorlof hafa það ekki síst að markmiði að börn njóti strax frá fæðingu sem jafnastra og bestra samvista við báða foreldra sína burtséð frá hjúskaparstöðu foreldranna, sambúðarformi eða öðrum lífsháttum foreldranna – þar með er viðurkennd sú alþjóðlega regla að börn eigi rétt á að þekkja báða foreldra sína óháð þjóðfélagsástandinu eða öðrum þáttum sem börn ráða ekki yfir.

Greinargerð með frumvarpinu útmálar því miður tæplega tólf þúsund kjósendur sem svikara – að þeir annist ekki framfærslu barna sinna, að þeir sinni börnunum lítið sem ekkert, að þeir leitist við að taka sem minnstan þátt í öllu sem lýtur að börnum sínum. Félag ábyrgra feðra mótmælir slíkum hleypidómum og minnir þeirra í stað á það hlutverk hins opinbera að ýta undir jákvæða hegðun með réttlátri löggjöf. 70% innheimtuhlutfall af meðlagsgreiðslum bendir ekki til þess að lög samkvæmt þessu frumvarpi yrðu réttlátari en núverandi lög heldur þvert á móti að lögin yrðu enn óréttlátari – fyrir alla aðila. Meðlagsþiggjendur gætu mótttekið hærra meðla en innheimtuhlutfallið myndi lækka og álögur þeirra sem gætu staðið í skilum ykjast og gerðu þeim enn erfiðara um vik að sinna börnum sínum og jafnvel að taka þátt í þeim kostnaði sem það óhjákvæmilega krefst að ala upp, annast og mennta barn.

7. Alþjóðlegir sáttmálar

Vill Félag ábyrgra feðra hér benda á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Mannréttindasáttmála Evrópu sem eru samstíga um þessi mannréttindi barnanna. Auk þess viðurkennir Mannréttindadómstóll Evrópu að forsjárlausir foreldrar eigi rétt á að mynda **fjölskyldusamband** með börnum sínum. Félag ábyrgra feðra minnir á ábyrgð löggjafans með samþykkt þessara sáttmála og áréttar að löggjöf um einstaka þætti eigi að taka mið af slíkum sáttmálum.

Niðurstöður

Félag ábyrgra feðra telur að umrætt frumvarp sé tímaskekkja og ekki til þess fallið að auka hag barna og beggja foreldra þeirra. Félag ábyrgra feðra telur að núverandi fyrirkomulag meðlags sé í eðli sínu rangt og frumvarpið festi í sessi rangindi þess. Félagið telur að rangindin felist í því að núverandi fyrirkomulag meðlagsgreiðslna ýti undir kynjamisrétti með því að gera forsjárlausa foreldrið, sem er í flestum tilvikum karlmaður, að fyrirvinnunni og jafnframt forsjárforeldrið, sem er í flestum tilvikum kona, að umönnunaraðila barnanna.

Garðar Baldvinsson
formaður Félags ábyrgra feðra

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1502
komudagur 24. 3. 2004

Félag einstæðra foreldra

Tjarnargötu 10d
101 Reykjavík

www.fef.is
fef@fef.is

Sími: 551-1822
Sími formanns: 861-3144

23. mars 2004

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga, Þskj.356 – 311.mál. 130. löggjafarþing 2003-2004.

Félag einstæðra foreldra styður frumvarp til laga um framkvæmd meðlagsgreiðslna umfram lögboðið lágmarksmeðlag og skattalega meðferð þeirra.


Stjórn félagsins vil þó leggja til viðbætur við frumvarpið, eins og greint er frá sem hér segir:

Að einstæðum foreldrum verði gert það mögulegt að sækja um viðbótarmeðlag / barnalífeyrir til tryggingarstofnunar,

- sé hitt foreldrið látið.
- búi annað foreldrið erlendis.
- annað foreldrið verið svipt sjálfræði, sé vistað tímabundið eða til langtíma á einhversskonar stofun.
- hitt foreldrið hafi ekki fjárráð til greiðslu aukameðlags.

Stjórn félagsins telur það nauðsynlegt að “þeir fái sem þurfi” aukameðlag, óháð stöðu eða tekjum fyrrverandi maka. Það er ljóst að án þess möguleika að sækja aukameðlag til annars en fyrrverandi maka er mörgum börnum einstæðra foreldra mismunað á augljósan hátt og oft gert ókleyft að stunda t.d. félagslíf, tómstundir eða íþróttir með jafnöldrum sínum. Og má þá frekar miðast við tekjur þess foreldris sem hefur forsjá með barni / börnum heldur en tekjur hins foreldris.

Virðingarfyllst


Ingimundur Sveinn Pétursson
Formaður FEF

Alþingi
Erindi nr. P 139/1632
komudagur 1.4.2004



Keflavík, 29.mars. 2004.

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um 311.mál.

**Frumvarp til laga um framkvæmd meðlagsgreiðslna um fram lögboðið
lágmarksmeðlag og skattalega meðferð þeirra, 311. mál.**

Fjölskylduráð styður frumvarpið.

Ráðið vekur athygli á því að það vanti möguleika á því að meðlagsgreiðendur geta ekki sjálfir óskað eftir að tryggingastofnun innheimti meðlag frá þeim.

F.h. fjölskylduráðs


Drífa Stefúsdóttir

INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

LÁGMÚLA 9 • SÍMI: 590 7100 • FAX: 590 7101 • PÓSTHÓLF 5172 • 125 REYKJAVÍK
KT.: 530372-0229 • BANKI: LANDSBANKI ÍSLANDS 139-26-4700 • www.medlag.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1611
komudagur 31. 3. 2004

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
c/o Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari.

Reykjavík, 26. mars 2004

Í bréfi yðar dags. 11. mars 2004 óskið þér eftir umsögn Innheimtustofnunar sveitarfélaga varðandi frumvarp til laga um framkvæmd meðlagsgreiðslna umfram lögboðið lágmarksmeðlag og skattalega meðferð þeirra.

130. löggjafarþing 2003-2004 þskj. 356 – 311. mál.

I.

Innheimtustofnun sveitarfélaga telur að meðlagsgreiðslur eigi að vera skattfrjálsar, enda er það til hagsbóta meðlagsgreiðendum sem margir hverjir búa við þröngan efnahag.

II.

Innheimtustofnun sveitarfélaga mótmælir því harðlega að handhafar meðlagsúrskurða, skilnaðarsamninga, skjala um slit óvígðrar sambúðar og annarra heimildarskjala eigi óheftan aðgang að Innheimtustofnun sveitarfélaga og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga gegnum Tryggingastofnun ríkisins. Núgildandi kerfi hefur verið sveitarfélögum þungur baggi.

Tryggt hefur verið um langt skeið að einfalt meðlag, meðalmeðlag, sem er sömu fjárhæðar og barnalífeyrir almannatrygginga eða nú kr. 16.025.- pr. mánuði sé lagt út hjá Tryggingastofnun ríkisins og umboðum hennar þ.e. sýslumönnum landsins. Hefur því verið ævinlega hafnað af sveitarfélögum að auka þessa félagslegu heimild.

Veltan sem stafar af meðlögum fer sífellt hækkandi.

Er nú svo komið að kröfur Tryggingastofnunar ríkisins á hendur Innheimtustofnun sveitarfélaga nema orðið um kr. 240 milljónum á mánuði.

Nefna má eftirfarandi staðreyndir:

Árið 2002 námu kröfur Tryggingastofnunar ríkisins kr. 2.589.973.572. Heildarinnheimta nam kr. 2.047.203.014 og sækja þurfti í Jöfnunarsjóð kr. 714.974.370. Geta ber þess að í innheimtutölu eru einnig meðlög frá fyrri árum.

Árið 2003 námu kröfur frá Tryggingastofnun ríkisins kr. 2.675.992.037 og sækja þurfti í Jöfnunarsjóð kr. 725.648.913. Heildarinnheimta nam kr. 2.148.021.735. Í innheimtutölu eru einnig meðlög frá fyrri árum.


Það er áætlun Innheimtustofnunar sveitarfélaga að kröfur frá Tr. ríkisins á árinu 2004 muni hækka töluvert og nema kr. 2.8 milljörðum en innheimta kr. 2.3 milljörðum með eldri meðlögum og sækja þurfi kr. 770 milljónir í Jöfnunarsjóð.

Innheimtustofnun sveitarfélaga hefur tekist að innheimta ca. 70% af kröfum hvers árs. Það sem er útistandandi þarf að innheimta með miklum erfiðismunum á mörgum árum. Menn þurfa að gera sér grein fyrir því hve meðlagstímabilið er langt A. 0-18 ára og B. menntunarmeðlög 18-20 ára. Við þetta geta bæst mörg vanskilaár. Gamlar skuldir hrannast upp og verða skuldaranum óbærilegar. Hætta er á misnotkun ef auknum meðlögum verður komið á með ábyrgð sveitarfélaganna. Fólk gæti samið um aukin meðlög og ekki greitt síðar.

Fjárhagur sveitarfélaganna og Jöfnunarsjóðs leyfir ekki aukningu útgjalda vegna meðlaga. Ef vilji er til þess að bæta hagsmuni barnafólks er vænlegra að breyta barnabótakerfinu.

Niðurstaða Innheimtustofnunar sveitarfélaga er því sú, að leggjast beri gegn frumvarpinu vegna þess, að samþykkt þess myndi rýra hag þeirra sveitarfélaga, sem þurfa svo mjög á Jöfnunarsjóði að halda til þess að fjármál þeirra fari ekki úr böndunum.

Virðingarfyllst,
Innheimtustofnun sveitarfélaga



Sigurgætt Sigurðsson
formaður stjórnar



Hilmar Björnvinsson
forstjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1589
komudagur 30.3.2004

L Á N S T R A U S T H F.


Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík 26. mars 2004

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um meðlagsgreiðslur, 130. löggjafarþing, 311. mál

Fyrir hönd Lánstrausts hf. lýsir undirritaður yfir fullum stuðningi við nefnt frumvarp. Þær breytingar sem frumvarpið myndi leiða af sér, yrði það að lögum, eru bæði brýnar og þarfar. Í fyrsta lagi er það óeðlilegt og ef til vill ekki í samræmi við eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar, að meðlagsgreiðslur séu skattlagðar á nokkurn hátt. Um er að ræða greiðslur til barns, sbr. 2. mgr. 63. gr. barnalaga og dóma Hæstaréttar sem staðfesta einnig þennan skilning. Í öðru lagi yrði það mjög til bóta að forsjárforeldri gæti fengið liðsinni frá ríkinu við innheimtu viðbótarmeðlags. Af þessu hlytist mikið hagræði á sama tíma og verið væri að nota kerfi sem er fyrir hendi og kostnaður ríkisins því væntanlega ekki mikill.

Virðingarfyllst,
f.h. Lánstrausts hf.


Reynir Grétarsson

Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1501
DAGSETNING TILVÍSUN
komudagur 24.3.2004
Reykjavík, 24. mars 2004 2004030235

Umsögn um frumvarp til laga um framkvæmd meðlagsgreiðslna. 311. mál.

Þann 12. mars sl. barst ríkisskattstjóra til umsagnar frá Alþingi frumvarp til laga á þskj. 356, mál 311 á yfirstandandi þingi. Um er að ræða tillögu að lagabreytingu sem m.a. gengur í þá átt að aflétta því þaki sem núverandi skattalög setja á skattfrelsi móttakinna meðlagsgreiðslna. Samkvæmt gildandi reglum er skattfrelsi meðlaga hjá því foreldri, sem við tekur, takmarkað við fjárhæð tvöfalds barnalífeyris. Ákvæði þessa efnis var lögfest á árinu 2000, sbr. 1. gr. laga nr 86/2000. Frumvarpið gerir ráð fyrir þeirri breytingu á lögum nr 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt að afnumin verði að fullu skattlagning meðlaga enda séu þau greiddar samkvæmt lögum, dómsúrskurði eða staðfestu samkomulagi.

Frumvarp sama efnis kom til umsagnar hjá embættinu á árinu 2002 og aftur 2003. Í umsögn embættisins um frumvarpið á árinu 2002 segir: "*Ákvæði laganna sem hér er lögð til breyting á er í raun meginákvæðið um tekjur, þ.e. það ákvæði sem hefur að geyma tekjuskilgreiningu laganna. Tekjuskattlagning á Íslandi byggir á mjög víðu tekjuhugtaki og almennt er varasamt að þrengja það vegna fordæmisáhrifa og framkvæmdaerfjðleika sem það kann að skapa. Eins og fyrr er getið eru meðlagsgreiðslur sem nema tvöfaldri fjárhæð barnalífeyris ekki skattskyldar tekjur samkvæmt gildandi lögum. Rökin á bak skattfrelsi meðlagsgreiðslna byggja almennt á megin sjónarmiðum um fjármunatilfærslur á milli aðila innan grunnfjölskyldueiningar. Tekjurnar eru þannig skattlagðar þegar til þeirra er unnið af meðlagsgreiðanda, en ráðstöfun til móttakanda telst ekki til tekna vegna tengsla aðila. Er þannig verið að tryggja einsköttun tekna sem varið er til meðlagsgreiðslna og er þannig varið til að standa straum af framfærslukostnaði fjölskyldu. Erlendis er misjafnt hvort skattbyrðin flyst af meðlagsgreiðandanum yfir á móttakanda teknanna (en þá eru meðlögin skattlögð hjá móttakanda sem nýtur í reynd teknanna en veittur frádráttur hjá greiðanda) eða hvort þau eru skattfrjáls hjá móttakanda eins og hér er lagt til. Það er grundvallarsjónarmið um tekjuskattlagningu á Vesturlöndum að hún byggir á svonefndri meginreglu um greiðslugetu. Í því felst að skattlagning má ekki ganga svo nærri mönnum að greiðslugeta til kaupa á a.m.k nauðþurftum má ekki skerðast óhæfilega. Ætla verður að ekki sé hætta á því hér, enda gengið út frá því að í meðlagsúrskurði eða staðfestum samningi um meðlagsgreiðslu sé tekið mið af greiðslugetu meðlagsgreiðanda, m.a. með hliðsjón af að hann greiði skatta af meðlagfönu. Í ljósi þessa gerir ríkisskattstjóri út af fyrir sig engar athugasemdir við framangreindar breytingartillögur. "*

Ríkisskattstjóri telur að ekki sé þörf á að veita aðra umsögn um mál þetta en að ofan greinir.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Steingrímur H. Sveinsson', written in a cursive style.

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1714
komudagur 14.4.2004



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10

150REYKJAVÍK

SA/

Rvk. 7. apríl 2004

Efni: Frumvarp til laga um meðlagsgreiðslur, 311. mál, breyting ýmissa laga

Í gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt er barnsmeðlag undanþegið tekjuskatti hjá móttakanda að ákveðnu hámarki sem nemur fjárhæð tvöfalda barnalífeyris skv. 14. gr. laga um almannatryggingar. Í frumvarpinu er lagt til að þetta hámark verði afnumið. Þá er gerð tillaga um að Innheimtustofnun sveitarfélaga verði falin innheimta á öllum meðlagsgreiðslum í stað þess að innheimta einungis lágmarksmeðlag eins og er gert samkvæmt gildandi lögum.

Samtök atvinnulífsins telja röksemdir flutningsmanna fyrir afnámi skattskyldu meðlaga umfram umrædd mörk vera skyndsamlegar sem og að viðtakendur meðlaga þurfi ekki sjálfir að sjá um innheimtu þeirra fjárhæða sem eru umfram þessi mörk. SA styðja því að frumvarpið verði að lögum.

Hannes G. Sigurðsson

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 130/1633
komudagur. 1.4.2004


Alþingi
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Sýslumannafélagi Íslands hefur borist frá hinu háa Alþingi til umsagnar frumvarp til laga um framkvæmd meðlagsgreiðslna umfram lögboðið lágmarksmeðlag og skattalega meðferð þeirra, 311. mál.

Sýslumannafélag Íslands gerir engar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

F.h. Sýslumannafélags Íslands



Áslaug Þórarinsdóttir